

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 1. gr. Á eftir c-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
d. Aðstöðugjöld.
2. Við 3. gr. Við bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Auk þess skatts, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, er sveitarstjórn heimilt að leggja skatt á hlunnindi, sem eru í eign utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra.
3. Við 5. gr.
 - a. 3. mgr. orðist svo:
Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem enfalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.
 - b. Við bætist ný mgr., sem verður 4. mgr., svo hljóðandi:
Heimilt er sveitarstjórn að undanþiggja nýjar íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum fasteignaskatti í allt að tvö ár, eftir að afnot hefjast.
4. Við 8. gr. f-liður orðist svo:
Að greiða 1% af tekjum sjóðsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga og 1% til landshlutasamtaka sveitarfélaganna, sem skiptist jafnt á milli þeirra.
5. Við 10. gr. Við bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
e. Bankar og sparisjóðir.
6. Við 11. gr. Við bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
e. 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta banka og sparisjóða, sbr. 10. gr. e.
7. Við 13. gr.
 - a. Við 1. másl. 2. mgr. bætist: sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.
 - b. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
Landsútsvar samkvæmt 11. gr. e rennur óskipt í Jöfnunarsjóð.
8. Við 23. gr.
 - a. 2. másl. 2. mgr. orðist svo:
Frádráttur skal þó aldrei hærri vera hjá gjaldanda en tekjur hans af atvinnurekstri og starfsemi.
 - b. Við 2. mgr. bætist:
Enn fremur skal draga frá tekjum eigin húsaleigu og skyldusparnað, sbr. 11. gr. laga nr. 30/1970.
 - c. Síðari másl. 3. mgr. falli niður.
 - d. 4. mgr. orðist svo:
Nú vinnur einstaklingur eða hjón, annað hvort eða bæði, eða ófjarráða börn þessara aðila, við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og er þá sveitarstjórn heimilt, er sérstaklega stendur á, að ákveða, að tekjur slíkra aðila til útsvars verði ákveðnar eftir því, sem ætla má, að laun þessara aðila, miðað við vinnuframlag þeirra, hefðu orðið, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu annars aðila.
 - e. 5. mgr. falli niður.

9. Við 24. gr. 1. mgr. orðist svo:
Skattstjórar annast álagningu útsvara, nema sveitarstjórn hafi ákveðið að annast sjálf álagninguna eða falið sérstakri nefnd að gera það, sbr. 4. mgr. 28. gr.
10. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðins almanaksárs, sbr. 23. gr., sem þó má ekki hærri vera en 10%, og skal sami hundraðshluti lagður á alla gjaldendur í hverju sveitarfélagi.
Í sambandi við samningu fjárhagsáætlunar fyrir næsta almanaksár ákveður sveitarstjórn, hver hundraðshluti verði lagður á tekjur gjaldenda á því ári, og tilkynnir skattstjóra um ákvörðun sína.
Nú hrökkva útsvör samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar ekki fyrir áætluðum útgjöldum, og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka þau um 10% að fengnu samþykki ráðherra.
11. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
Útsvar samkvæmt 25. gr. hjá hjónum og einstæðum foreldrum, sem hafa fyrir heimili að sjá, skal lækka um 7 000 kr. og útsvar einstaklinga um 5 000 kr. Fyrir hvert barn 16 ára eða yngra, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 1 000 kr. Hafi gjaldandi fleiri en þrjú börn innan 16 ára á framfæri sínu, skal enn fremur lækka útsvar hans um 2 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.
Fella skal niður útsvör, sem eru 1 000 kr. og lægri.
Útsvar skal á lagt í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.
12. Við 27. gr.
a. a-liður orðist svo:
sem nýtur bóta samkvæmt II. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971.
b. c-liður falli niður og d-liður verði c-liður.
13. Við 28. gr. 2. mgr. orðist svo:
Sveitarstjórn ákveður, hvernig beita skuli ákvæðum 27. gr. um lækkun útsvara, og tilkynnir skattstjóra þar um, áður en hann leggur útsvörin á.
14. Við 30. gr. Stafliður m orðist svo:
Sveitarstjórn getur ekki krafist gjaldanda um þá fjárhæð, sem kaupgreiðandi hefur haldið eftir af launum hans til greiðslu útsvars, þó að kaupgreiðandi hafi ekki staðið skil á greiðslunni til sveitarsjóðs. Krafa sveitarsjóðs í þrotabú kaupgreiðanda vegna slíkra greiðslna skal vera forgangskrafa og í skuldaröð með þeim kröfum, sem nefndar eru í a-lið 83. gr. laga nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkvæmt þessari grein, á rétt á endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.
15. Á eftir 35. gr. komi ný kaflafyrirsögn: V. KAFLI. Ýmis ákvæði.
16. Á eftir 35. gr. komi ný grein, svofelld, og greinatalan breytist eftir því:
Leggja má á aðstöðugjald, samkvæmt III. kafla laga nr. 51/1964, þó þannig, að það skal ekki herra vera í hverju sveitarfélagi en nemi 65% þess hundraðshluta, sem þar var á lagður sem aðstöðugjald á árinu 1971.
17. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara, aðstöðugjalds og innheimtu fasteignaskatts á árinu 1972. Jafnframt eru úr gildi

numin lög nr. 51 10. júní 1964, lög nr. 67 23. des. 1964, lög nr. 67 21. maí 1965, lög nr. 43 6. maí 1966, lög nr. 59 16. apríl 1968 og lög nr. 69 12. maí 1970, sbr. þó 36. gr. laga þessara.

18. Við ákvæði til bráðabirgða.

- a. 1. töluliður falli niður og aðrir töluliðir breytist í samræmi við það.
- b. Í stað orðanna „15. marz“ í 3. ákvæði til bráðabirgða komi: 15. maí.